



Skýrsla formanns Skógræktarfélags Selfoss fyrir starfið frá apríl 2015 til apríl 2016, lesin á aðalfundi félagsins þann 13. apríl 2016 á Snæfoksstöðum.

Starf Skógræktarfélags Selfoss á 63. starfsári stóð saman af talsverðum framkvæmdum. Starfsvettvangur félagsins var sem fyrr Hellisskógur.

Aðalfundur 2015 var haldinn 15. apríl í Árvökum, starfsmanna húsnæði Skógræktarfélags Árnesinga á Snæfoksstöðum. Ágætis mæting var á fundinn sem var auglýstur í Dagskránni og á heimasíðu og facebook síðu félagsins. Á fundinum voru venjubundin aðalfundarstörf. Stjórn situr áfram óbreytt, þeir sem áttu að ganga úr stjórn buðu sig aftur fram og voru endurkjörnir. Félagsgjald var hækkað úr 1000 kr í 2000 kr. Fjárhagur félagsins er góður. Undir önnur mál kynnti Hermann Ólafsson hönnun að nýjum vegi af Biskupstungnabraut og snúningstorgi inn í Hellisskógi og væntanlega nýja stíga ca. 3 km að lengd. Í fundarhléi var boðið upp á létt kvöldsnarl.

Haldnir voru 3 formlegir stjórnarfundir á árinu og einn óformlegur stjórnarfundur í Veiðivötnum 25. Júní (BE, SS og ÖÓ).

Félagsskráin var yfirfarin og lagfærðar þær breytingar sem orðið hafa frá síðasta ári. Samkvæmt skránni eru um 140 skráðir í félagið. Ekki voru sendir út hefðbundnir greiðsluseðlar til félagsmanna vegna félagsgjalds fyrir árið 2015. Borin voru út félagsskírteini sem einnig eru afsláttarkort á vegum Skf.Ísl. Meðfylgjandi var einn miði sem hvatti félagsmenn til að greiða félagsgjaldið 2000 kr. beint inn á reikning félagsins.

Tvö vinnukvöld voru haldin í vor, 27. og 28. maí, félagsmenn mættu við Hellinn og hlóðu á sig bakkaplöntum og áburði. Gróðursett var í ójarðunnið þurrlendi 400 m austan við Hellirinn út undir skurðinum við Laugarbakka. Áburður



var borinn jafn óðum á nýgróðursettar plöntur. Boðið var upp á veitingar í Hellinum við lok vinnukvöldanna. Vinnukvöldin voru auglýst á heimasíðu félagsins www.hellisskogur.is og facebook síðu og einnig höfðu stjórnarmenn samband við þá er hafa verið að mæta undanfarinn ár. Mæting var ágæt. Bæði kvöldin var veður gott, milt og þurrt.

Í ár voru það nokkrar tegundir af plöntum sem voru gróðursettar, flestar voru þetta árgamla bakkaplöntur í nokkrum stærðum af fjölpottabökkum, ein tegund var tveggja ára. Plönturnar komu frá skógarplöntuframleiðendum í Hvammi í Hrunamannahrepp, Kvistum í Biskupstungum, Mörk í Reykjavík og Barra á Héraði. Hluti plantnanna fékk félagið úr úthlutun hjá Skógræktarfélagi Árnesinga. Sjá plöntur í töflu 1.

Tegund	kvæmi	Aldur	Bakkastærð	Framleiðandi	Fjöldi
Marpöll	Geitagil ÞD	1/0	40	Hvammur	20
Gráölur	Norge (frá Öyvind)	1/0	35	Hvammur	140
Skógarfura	Flatanger	2/0	40	Hvammur	40
Sitkagreni	ÞD F09-008	1/0	40	Kvistar	520
Birki	Embla	1/0	35	Mörk	175
Birki	Bolholt	1/0	40	Barri	220
Reyniviður	Reykholt	1/0	40	Kvistar	80
Sitkagreni	Þjórsárd.	1/0	40	Hvammur	480
Cypres	Norge	1/0	40	Hvammur	20

Tafla 1 sýnir plöntur 2015

Samtals 1675

Þegar allt er talið var plantað um 1675 plöntum í Hellisskógi árið 2015.

Vorið 2015 var boðin út vegagerð á nýjum vegi sem nær frá girðingu við Biskupstungnabraut og inn í skóginn. Áður hafði Vegagerðin lagt vegstubb frá Biskupstungnabraut og inn að girðingunni í Helliskóg fyrir nokkrum árum. Það var Gröfutækni á Flúðum sem vann verkið. Lagður var vegur með hringsnúningi í endanum og bílastæði og tenging á göngustíg inn á Hellisbrúnna. Sett var gróft undirlag og svo fínna malarlag þar ofaná. Verktakarnir fluttu nokkur tré sem voru í vegstæðinu, við skoðun á þeim trjám um haustið sást að flest höfðu drepist þar sem að rótarhnaus var of lítill og önnur stórskemmd eftir flutningana. Hermann Ólafsson hannaði innkeyrsluna og snúninginn.



Í byrjun júní á hverju ári koma nemendur úr 5. bekk Vallaskóla í Hellisskóg að planta bakkaplöntum sem að þau hafa fengið



úthlutað úr Yrkjusjóðnum, þetta árið fengu þau 220 plöntur. Plöntunum er plantað á framræst mýrarstykki við vesturhluta girðingarinnar.

Um vorið var keyptur bíll af Fjölbrautarskóla Suðurlands til að flytja mannskap og draga kerru með verkfærum. Kostaði bíllinn 50. þúsund. Ekki voru lífdagar hans margir þar sem skiptingin gaf sig fljótlega og var hann sendur í endurvinnslu því ekki tók sig að laga hann. Fékkst stór hluti af kaupverðinu til baka úr úreldingarsjóð og við dekkjasölu.

Í júní fór aftur að bera á óværu í birkiþöðum, sem lýsti sér þannig að blöðin urðu brún að hluta. Þetta var svipað og á síðasta ári. Ekki eru varanlegar skemmdir á trjánum.

Í sumar voru þrjú piltar sem unnu í tvo mánuði hver fyrir skógræktarfélagið í Hellisskógi. Sveitarfélagið Árborg útvegaði félaginu þessa starfskrafta. Helstu verkefni þeirra voru við stígagerð, einnig komu þeir að lagfæringu á ræsum, göngubrúum, slætti meðfram göngustígum og öðrum betrubótum. Bekkir og borð voru fúavarin og lagfærð. Hellirinn var lagfærður og næsta umhverfi hans snyrt. Einnig var unnið að almennri skógarumhirðu. Lokið var við að leggja nýja göngustíg sem byrjað var að leggja á síðasta sumri. Stígurinn liggur frá bílplaninu við vaðið að Laugarbökkum næst Ölfusá, þræðir sig upp bakkann á landamerkjum við Laugarbakka í norður og sveigir svo í vestur og kemur svo inn á göngustíginn við Gónhól. Undirbúa þurfti stíginn með ýmsum aðgerðum, eins og slætti á grasi, útbúa ræsi á nokkrum stöðum, grisja skóg á nokkrum stöðum og uppkvasta tré. Einnig þurfti að kjarrsaga hluta leiðarinnar. Þar sem mikill gróður og bleytur voru víða á leiðinni var fyrst settur 1,3 m breiður jarðvegsdúkur alla leiðina og síðan var sett malarlag ofan á dúkinn. Keyptur var þunnur jarðvegsdúkur TS 20, 4 m breiður sem er 125 g/m² í Kemi. Dúkrúllan var söguð í þrennt og lögð út til að hindra vöxt gróðurs og sérstaklega mjaðurtar sem er víða við stíginn. Malarblanda úr Ingólfsfjalli var keyrð ofan á dúkinn sem og í aðra stíga á svæðinu. Samtals voru fengnir 5 hlöss þetta árið með Skúla Helga. Vélhjólborurnar koma sér vel þar sem að langt er að fara með efnið og mest öll leiðin upp í móti. Umsjónarmaður með verkunum og verkstjóri var Ólafur Hákon Guðmundsson. Nú fær stígurinn að troðast fram á sumar þegar bætt verður mól ofan á hann.

Hellisbrúin var sleginn með slátturofi alla leið upp að Biskupstungnabraut. Víðikjarr var klippt frá gönguleiðinni. Umferð gangandi fólks um þessa fornu gönguleið er alltaf að aukast. Gera þarf ráð fyrir að leggja þurfi talsverða vinnu í að halda þessari leið við á næstu árum. Eins var slegið og snyrt við minnismarkið og flatirnar þar fyrir ofan og í trjásafni.

Gerður var nýr göngustígur sem nær frá hellis munnanum og á bakvið hellinn og áfram upp á hólinn fyrir ofan hellinn. Þetta var gert til að minka troðning á gróðri í brekkunni við hellinn. Umhverfið næst hellinum var slegið og snyrt.

Grisjað var á nokkrum stöðum í þéttum trjáþyrpingum, m.a. birki, lerki og furu í trjásafninu. Einnig var birki grisjað á nokkrum stöðum þar sem það var að byrja að skemma grenitré. Í febrúar 2016 var birki snyrt á nokkrum stöðum og sum tvístofan tré lagfærð, eins og í trjásafni og austan við væntanlegt vegstæði þjóðvegur 1.

Í árs byrjun 2015 tók tók Rarik raflínuna úr einni línunni sem liggur í gegnum svæðið, eftir er að fjarlægja átta staura þar sem erfitt er að komast að þeim án þess að skemma tré. Áætlað er að grísa í nágrenni við staurastæðurnar til að auðvelda aðgengi að þeim.

Síðast liðið sumar og í vetur áttum við fundi með Lions mönnum á Selfossi. Félagið lagði til dren möl á svæði Lions manna þar sem að þeir standa í framkvæmdum við að sletta sitt svæði og að þurrka það. Mölin var sett í framræsluskurð sem að á að þurrka svæðið. Gert er ráð fyrir að opna svæðið betur fyrir almenning og vorum við beðnir að koma þeirra svæði inn í það sláttur kerfi sem að við erum með okkar svæði í hjá sveitarfélaginu. Einnig fóru þeir fram á að gera samning um það svæði sem þeir eru með í Helliskógi við okkur.

Félagið fékk send þrjú birki c.a. 1,8 m hnaustré frá Skógræktarfélagi Íslands til að planta í tilefni þess að 35 ár voru liðin frá því að Vigdís var kosin forseti. Plöntuðu stjórnarmenn trjánum í grasflötina NA við minnismerkið.

Hreyfitæki (æfingatæki) sem keypt voru síðast liðið haust voru sett upp á fjórum stöðum seinnipartinn sl. sumar. Tækin sem eru keypt af fyrirtækinu Krumma eru vottuð þannig að vist öryggi fylgir því. Eitt tækið (stiklur) er við bílastæðið í trjásafninu, annað tæki (svigbraut) er við göngustíg á leið frá bílastæðinu og í átt að endanum á Hellisbrúnni, þriðja tækið (upphífung) er vestan við veginn talsvert áður en komið er upp að Hellinum, fjórða tækið (jafnvægisslár) er svo við síðustu beygjuna niður að vaðinu við Laugabakka.

Dagur Íslenskrar náttúru var haldinn í Helliskógi 16. Sept. Í samvinnu við sveitarfélagið Árborg. Safnast var saman við minnismerkið og hófst dagskrá kl.16:45. Þar sýndi forseti bæjarstjórnar höfrungahlaup á blankskóm við fögnuð áhorfenda. Gengið var um skóginn og opnuðu Ásta Stefánsdóttir bæjarstjóri og Sigmundur Stefánsson úr Frískum flóamönnum m.m. æfingartækin formlega. Var klippt á grein við svigbrautina. Því næst var gengið um skógin og að nýja stígnum sem klárað var að leggja í sumar. Þar opnuðu Ásta Stefáns og Ólafur Hákon göngustíginn með að klippa í sundur grein. Góð þátttaka var (35 manns) og mættu allir nema einn úr bæjarstjórn og stór hluti úr Frískum flóamönnum. Gengið var undir leiðsögn Björgvins Eggertssonar formanns félagsins.



Framkvæmda- og veitusvið sveitarfélagsins var okkur innan handa með ýmis verk á árinu, eins og að hefла veginn upp að Helli. Einnig með að koma með traktorsgröfu til að færa til mulning sem notaður var í göngustíga. Einnig fengum við aðstoð með traktorsgröfu við gerðar skurðrispur með aðalveginum þar sem vatn lág fyrir innan veg og var að skemma veginn í leysingum og rigningartíð. Flatirnar nærri mismærkinu voru slegnar með sláttutraktorum frá sveitarfélaginu.

Sótt var um styrk til sveitarfélagsins Árborgar fyrir starsárið 2016, einnig var sótt um auka fjárveitingu til skurðgraftar í Hellisskógi á árinu.

Fjölmargir hópar og einstaklingar leggja leið sína í Hellisskóg á hverju ári og er þá Hellirinn vinsæll áningarstaður þessara hópa. Umgegni um Hellin er að öllu jöfnu mjög góð. Umferð gangandi og hlaupandi fólks eykst ár frá ári í skóginum. Viðhald svæðisins verður því meira með hverju árinu. Mikil vinna er framundan í grisjun og umhirðu í Hellisskógi næstu árin. Eins þarf að ræsa fram viss svæði og tengja fleiri göngustíga við þá stíga sem fyrir eru.

Á komandi árum verða helstu verkefni félagsins eins og undanfarin ár gróðursetning og áburðargjöf, vega- og stígagerð, uppbygging á aðstöðu og umhirða skógarins þau verkefni sem verða hvað mest aðkallandi til að bæta aðgengi og ásýnd Hellisskógar. Núverandi stjórn þakkar félagsmönnum, Sveitarfélaginu Árborg, styrktaraðilum og öðrum hlutaðeigandi, samstarfið á liðnu ári og vonar að komandi starfsár verði félaginu heilladrjúgt í uppbyggingu og ræktarstarfinu. Einnig vil ég þakka félögum mínum í stjórn fyrir farsælt samstarf á árinu og Ólafi Hákon fyrir hans framlag fyrir félagið.

Fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Selfoss,

Björgvin Örn Eggertsson², formaður.

Aðrir í stjórn félagsins eru: Snorri Sigurfinnsson¹ ritari, Örn Óskarsson¹ gjaldkeri, Hermann Ólafsson² og Ólafur H. Guðmundsson¹ varamenn.

¹ Tákn um þá sem eiga að sitja áfram í stjórn.² Tákn um þá sem eiga að ganga úr stjórn.

